



5. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöllinni 26.03.1990 kl. 15.00.

Mætt voru: Ingimar Ingimarsson, Sigfús Guðmundsson, Gunnar B. Gunnarsson, Kári Arnórsson, Kristbjörg Eyvindsdóttir, Elísabet Þórólfsdóttir og Jón Bergsson.

1. Bréf frá Hring um inngöngu í L.H. dags. 9.03. Ný stjórn Hrings er: formaður: Ingvi Baldvinsson, Bakka, ritari: Gunnar Sigursteinsson, Öldugötu 10, Dalvík, féhirðir: Veronika Konráðsdóttir Karlsbr. 9, Dalvík Stjórn samþykkir inngöngu.
2. Kári greindi frá viðræðum við HÍS um samstarf, einnig frá samkomulagi við B.Í. um samstarf og þar fær L.H. tvo menn inn í Búnaðarnefnd. Einnig reifaði Kári þá hugmynd að Eyfirðingar fengju fulltrúa inn í skipulagsnefnd. Samþykkt var að Páll Alfreðsson tæki sæti í þeirri nefnd.
3. Kristbjörg spurðist fyrir um boðun nefndarmanna (þ.e. skipulags- og stórmótanefnda) á formannafund. Formenn nefnda kváðust hafa greint frá því á nefndafundum að nefndarmenn ættu að mæta.
4. Gæðinga- og unglínganefnd, skipun nefndar: Gunnar Arnarson Rosmarie Þorleifsd. Jóhann Þorsteinsson, Guðlaugur Antonsson, Ulil Amble, Sigrún Sigurðardóttir og Þórður Axelsson, til vara: Jóhann Friðgeirsson og Rúna Einarsdóttir.
5. Hjalti Pálsson greindi frá söfnun upplýsinga um gististaði á Kjalvegi og á Kaldadalsleiðinni, fódursölu og aðbúnaði á þessum leiðum. Unnið í samvinnu við Landgræðslu, Náttúruverndarráð, landeigendur og hestaleigur. Lagður var fram listi um heilræði fyrir ferðamenn á hestum, sem hugmyndin er að útbúa. Gunnar ræddi um ferðalög í sambandi við þetta einkum varðandi ferðir til og frá Landsmóti. Formaður ræddi þetta einnig og dvaldi einkum við hestamenn sem ferðast sjálfstætt og láta ekki vita af sér. Urðu nokkrar umræður í framhaldi af þessu.
6. Landsmót 1990. Kári upplýsti að forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, hefði lýst áhuga sínum að koma á Landsmótið. Ingimar upplýsti að gjaldtaka og aðgangseyrir væri ekki endanlega ákveðinn. Nefndi hann tölur, en staðfesti þær ekki endanlega.

Verið er að undirbúa Evrópukeppni, með líku sniði og var '82. Fundarmenn ræddu nokkuð um fyrirkomulag og gjaldtöku.

Hjalti ræddi um fyrirkomulag hátíðadagskrár á mótinu og ennfremur taldi hann, að nú þegar þyrfti að fara að vekja athygli á mótinu, í fjölmiðlum og fréttabréfum. Þá kom fram ábending um að útbúinn væri lítill bæklingur með dagskrá og smávegis upplýsingum um aðstöðu á erlendum málum.

Nokkrir aðilar hafa nú þegar lýst áhuga sínum á kvikmyndun Landsmóts.

Svo virðist sem ekki séu tök á því að gera samning við Bergvík til langs tíma nema um þær myndir sem þegar eru til (sjá 4. mál á síðasta fundi).

Kristbjörg kynnti framvindu kvikmyndastarfs og hafa hún og Gunnar sett saman lista yfir skilyrði sem væntanlegir kvikmyndagerðarmenn verða að uppfylla.

Fimm aðilar hafa sótt um formlega og einn að auki hefur gert fyrirspurn.

Kristbjörg kynnti framkomin tilboð.

Gunnar ræddi um þetta einnig og skýrði frá vinnu við að vinna úr þessu. Þá upplýsti Gunnar um tilboð sem þau telja ákjósanleg. Virðist sem svo, að til greina geti komið, að L.H. feli einhverjum aðila kvikmyndagerð sér að kostnaðarlausu.

Í framhaldi af því spunnust umræður um samning við Bergvík, enda getur L.H. ekki selt sýningarrétt á slíkum myndum. Var talið nauðsynlegt að ræða við Bergvík um þessa framvindu mála. Var ákveðið að ræða við Guðmund Ólafsson í Bergvík strax og hægt er.

Voru fundarmenn helst á því að skoða tilboð frá Nýju Lífi, Gísla Sigurgerissyni og Nýja Bíó. Öðrum verði svarað og þeim tilkynnt að tilboð þeirra verði ekki tekin. Fram kom á fundinum að mestur áhugi er á tilboðum Nýs Lífs og Gísla, en frá honum þarf frekari upplýsingar.

7. Frumvarp til laga um breytingar á vegalögum og varðar gerð reiðvega og fjármögnun með gjaldi á hóffjaðrir. Þá lá fyrir þingsályktunartillaga um gerð reiðvegaáætlunar. Ákveðið var að Kári og Guðmundur svari þessum erindum með greinargerð.
8. Kristbjörg spurði um Reiðhöllina. Kári svaraði því til að umræða væri í gangi um framtíð Reiðhallarinnar. Greindi hann frá því sem rætt er.

Gunnar upplýsti að hann hafði farið á afmælishátíð Trausta og bar kveðju þeirra til L.H.

Kári bar kveðju Þyts í V- Hún, en hann fór þangað á afmælishátíð.

Sigfús spurði um álit stjórnarmanna á hugmyndum um skipu-
lag stórmóta. Stjórnarmenn létu vel yfir tillögum nefndar-
innar.

Jón Bergsson benti á, að gera skrá og lýsingar á búningum
félaga betur úr garði en nú er, enda eru margir búningar
orðnir mjög líkir.

Fundi slitið kl. 19:00

Kári Arnórsson
Ingimar Ingimarsson
Jón Bergsson
Gunnar B. Gunnarsson

Guðm. Jónsson
Sigfús Guðmundsson
Kristbjörg Eyvindsdóttir.

Næsti fundur föstudag 4. maí kl. 14:00